

Alþingi  
Erindi nr. P 141/1948  
komudagur 2.3.2013

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík  
nefnadasvid@althingi.is

Hagsmunasamtök  
Heimilanna

Söndum vörð um heimilin sem grunnstöð samfélagsins



www.heimilin.is - heimilin@heimilin.is

Frakkastígur 27, Húsnæði Tækniskólans, 101 Rvk

Reykjavík, 1. mars 2013

HH2012R3.1U115

**Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um 115. mál, frumvarp til laga á 141. löggjafarþingi.**

Um breytingu á lögum um nauðungarsölu, lögum um gjaldprotaskipti o.fl. og lögum um meðferð einkamála (ógilding, endurupptaka).

Hagsmunasamtök heimilanna fagna fram komnu frumvarpi um endurupptökur mála og ógildingu vegna fullnustugerða á grundvelli krafna sem reistar eru á grundvelli lánveitinga og lánsamninga sem reynst hafa brjóta gegn gildandi lögum. Reyndar verður að teljast með öllu óásættanlegt hversu margir neytendur hafa mátt þola fullnustugerðir og þurft að láta eignir sínar af hendi vegna slíkra ólögðra löggæringa undanfarin misseri. Rétt er að leggja áherslu á mikilvægi þess að frumvarpið verði afgreitt fyrir þinglok, þar sem sá vandi sem þessi hópur stendur frammi fyrir er bæði alvarlegur og fordæmalaus. Til að mynda virðist sem í réttarkerfinu sé hvergi gert ráð fyrir því að kringumstæður eins og þær sem um ræðir varðandi úrlausn mála vegna gengistryggðra lána geti yfir höfuð komið upp, og hefur úrræðaleysi gjarnan staðið í vegi fyrir farsælli úrlausn mála.

Samtökunum þykir þó ástæða til að viðra bæði athugasemdir og tillögur um atriði sem að mati samtakanna væru til þess fallin að bæta enn frekar úr. Meðal þess sem samtökin leggja áherslu á er mikilvægi þess að enginn óþarfa vafi hljótist um ótvíræðan tilgang lagasetningar sem þessarar í þá veru að veita þolendum afleiðinga ólögðra lánveitinga nothæft úrræði til að geta fengið úrlausn sinna mála, a.m.k. svo langt sem frumvarpið nær. Af þeim sökum er mikilvægt að ekki komi upp kunnugleg staða þar sem lánveitendur reyni að bera fyrir sig meintum vafa um eða mistúlkun á gildi laganna fyrir rétt allra neytenda til að fá úrlausn mála sinna á réttlátan máta.

Með það í huga hvernig taka skuli á málum þar sem upp gæti komið ágreiningur um hvort lán eða fullnustugerðir falli undir gildissvið frumvarpsins, álíta samtökin að samkvæmt þeim reglum sem almennt gilda um neytendavernd skuli að öllu öðru jöfnu meta slíkan vafa neytandanum í hag þar til fram hafa komið upplýsingar eða gögn sem sýnt má þykja að taki öll tvímæli af um vafaefnið.



Meðfylgjandi tillögur samtakanna um breytingar á frumvarpinu fela einkum í sér viðleitni til þess að samræma og skýra enn frekar orðalag ákvæða frumvarpsins frá sjónarmiði neytenda. Við nánari athugun varð þess vart að frumvarpið náði ekki til allra fullnustugerða og er því jafnframt lagt til að bætt verði við ákvæði um ógildingu og endurupptöku aðfararmála á borð við fjárnám.

### **Breytingatillögur**

Heiti frumvarpsins verði:

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um nauðungarsölu, lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., lögum um meðferð einkamála og lögum um aðför (ógilding, endurupptaka).

1. gr. frumvarpsins orðist svo:

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 80. gr. um frest til að leita úrlausnar héraðsdómara um gildi nauðungarsölu og ákvæði 2. mgr. um samþykki þeirra sem hafa haft uppi kröfur fyrir sýslumanni getur uppboðspoli krafist úrlausnar héraðsdómara um gildi nauðungarsölu íbúðarhúsnæðis sem uppboðspoli hafði til afnota fyrir sig og fjölskyldu sína og fram hefur farið til fullnustu kröfu sem er umdeild í ljósi hæstaréttardóma um lögmæti og endurreikning gengistryggðra lána enda hafi uppboðskaupandi jafnframt verið eigandi hinnar umdeildu kröfu og sé eigandi uppboðsandlagsins þá er úrlausnar héraðsdómara er leitað. Að kröfu uppboðspola er nauðungarsala til fullnustu kröfu samkvæmt framansögðu ógildanleg.

2. gr. frumvarpsins verði óbreytt.

3. gr. frumvarpsins orðist svo:

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 137 um frest til að beiðast endurupptöku og ákvæði 2. mgr. og 3. mgr. um samþykki stefnanda og tryggingu, getur þrotamaður, þrátt fyrir að útivist hafi verið af hans hálfu, krafist endurupptöku gjaldþrotáúrskurðar í máli þar sem skiptum á búi hans er ekki lokið enda leiði hann líkur að því að greiðsluerfiðleika hans megi að verulegu leyti rekja til krafna sem eru umdeildar í ljósi hæstaréttardóma um lögmæti og endurreikning gengistryggðra lána. Ákvæði þetta á einungis við einstaklinga utan rekstrar. Að kröfu þrotamanns er gjaldþrotáúrskurður samkvæmt framansögðu ógildanlegur.

4. gr. frumvarpsins verði að 5. gr. og í hennar stað komi ný 4. gr. svohljóðandi:

#### **IV. KAFLI**

#### **Lög um aðför nr. 90/1989, með síðari breytingum.**

4. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Auk þeirra atvika sem greind eru í 1. mgr. 67. gr. verður aðfarargerð endurupptekin að kröfu gerðarpola hafi hún farið fram til fullnustu kröfu sem er umdeild í ljósi hæstaréttardóma um lögmæti og endurreikning gengistryggðra lána og er málsaðilum jafnframt heimilt að leita úrlausnar héraðsdómara



um gildi aðfarargerðar eftir að henni er lokið þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 92. gr. um frest til að krefjast úrlausnar héraðsdómara um aðfarargerð og ákvæði 2. mgr. um samþykki, enda hafi gerðarbeiðandi jafnframt verið eigandi hinnar umdeildu kröfu og sé eigandi hins fjárnumda eða hafi það til umráða eða í vörslum sínum þegar endurupptöku er krafist eða úrlausnar héraðsdómara leitað. Að kröfu gerðarþola er aðfarargerð til fullnustu kröfu samkvæmt framansögðu ógildanleg og er úrskurður þar að lútandi jafnframt aðfararhæfur af hálfu gerðarþola gagnvart gerðarbeiðanda eftir því sem við á.

Áður 4. gr. sem verði þess í stað 5. gr. orðist svo:


Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 31. desember 2014 og falla þá úr gildi.

Síðastnefnda ákvæðið skýrir sig að mestu leyti sjálft, en ástæða þess að lagt er til að gildistími ákvæða laga samkvæmt frumvarpinu verði lengri en til ársloka 2013 er sá að nú þegar liggur fyrir að langt gæti liðið þar til öll kurl verði komin til grafar um dómsmál er varða gengistryggð lán og eftirmál þeirra. Tímamörkin til ársloka 2014 hafa í þessu sambandi verið nefnd af lögfróðum aðilum og telja samtökin að neytendum á Íslandi sé svo sannarlega engin ofrausn veitt þó þessi frestur yrði nokkuð rúmur enda felur það í reynd ekki í sér neina skerðingu hagsmuna kröfuhafa.

#### Lokaorð

Um leið og Hagsmunasamtök heimilanna vonast til þess að tekið verði að sem mestu leyti mið af þeim athugasemdum og tillögum sem samtökin hafa hér lagt fram, mælast samtökin að öðru leyti almennt til þess að frumvarpið sem hér um ræðir verði samþykkt.

Virðingarfyllst,  
f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna



Vilhjálmur Bjarnason, varaformaður

